

Skipulagsstofnun,  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 31. maí 2017  
2016100002/42-8  
OKN, KHS, TB  
jgo/tb

### Ákvörðun Skipulagsstofnunar um rannsóknir á fuglum vegna vindorkuvers í Þykkvabæ

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 26. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um beiðni framkvæmdaraila, Biokraft, vindorkuvers í Þykkvabæ um að Skipulagsstofnun dragi til baka hluta af ákvörðun stofnunarinnar varðandi matsáætlun fyrir vindorkuverið þ.e. þann hluta ákvörðunarinnar sem snýr að rannsóknum á fuglum m.a. með radarmælingum.

Í bréfi Biokraft, dags. 9. maí sl., kemur fram að framkvæmdaraðili áætlað kostnað vegna fuglarannsóknna, **verði farið að kröfum Náttúrufræðistofnunar**, meiri en 100 milljónir. Þetta er sett fram í bréfinu án nokkurs rökstuðnings eða að fram komi í hverju þessi kostnaður liggi. Náttúrufræðistofnun vill að það komi fram að stofnunin hefur bent á hvað þurfi að rannsaka og hvers vegna og hvaða aðferðir eru þekktar við slíkar rannsóknir. Það er ekki Náttúrufræðistofnunin að taka afstöðu til þess hvort kostnaður við rannsóknir sé úr hófi fram miðað við umfang þeirra framkvæmda sem eru til umfjöllunar hverju sinni. Náttúrufræðistofnun tekur því ekki afstöðu til þess hvort 100 milljónir eru mikil eða lítil fjárhæð miðað við heildarkostnað framkvæmdarinnar og hugsanleg áhrif hennar. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf framkvæmdaraðili fyrst og fremst að geta lýst áhrifum framkvæmdarinnar með fullnægjandi hætti svo hægt sé að taka afstöðu til hennar. Í bréfi Biokraft kemur einnig fram að einu rök Náttúrufræðistofnunar fyrir því að þörf sé fyrir frekari rannsóknir, m.a. með radarmælingum, séu þau að Landsvirkjun hafi ráðist í slíkar rannsóknir. Þetta er auðvitað ekki svara vert en hér á eftir mun Náttúrufræðistofnun enn einu sinni reyna að útskýra, gagnvart framkvæmdaraðila, hvers vegna stofnunin telur mikilvægt að rannsóknir á fuglum og hugsanlegum áhrifum vindmyllna á fugla, m.a. á umræddu svæði, eigi að standast ákveðnar kröfur.

Þykkvibær er í mikilvægri farleið fugla vor og haust og er umferð fugla mikil um svæðið á þessum árstímum. Að auki dvelja þar langdvölum á fartíma við át og hvíld hópar álfta, gæsa og vaðfugla. Fuglalíf er einnig auðugt utan fartíma á þessu svæði, bæði sumar og vetur. Mögulega er þetta eitt af mikilvægari fuglasvæðum landsins en kortlagning á notkun fugla á svæðinu árið um kring er ábótavant og brýnt að bæta úr eins og margoft hefur komið fram í umfjöllun Náttúrufræðistofnunar. Farfuglarnir ferðast **jafnt á nóttu sem degi**, misjafnt eftir



tegundum, og sama á við um þá fugla sem dvelja við fæðuleit á svæðinu, þeir fara á milli hvíldarsvæða og fæðusvæða jafnt í dagsbirtu sem myrkri. Ein af þeim tegundum sem nýta sér þetta svæði á fartíma er grænlenka blesgæsin (*Anser albifrons flavirostris*) sem er á valista vegna bágrar stöðu stofnsins. Hún dvelur þar bæði vor og haust og ferðast í myrkri á milli hvíldarstaða og fæðusvæða sem eru tún og akrar í Þykkvabæ. AEW samningurinn skuldbindur íslensk stjórnvöld að lágmarka áflugshættu blesgæsa vegna mannvirkja.

Það er lágmarkskrafa að framkvæmdaraðili, hér Biokraft, geti að loknu mati á umhverfisáhrifum lýst því hvaða fuglar og í hvað miklu magni nýta svæðið, hversu mikil umferð farfugla er og eins að meta mögulega áflugshættu fyrir fuglana vegna vindmyllna. Er þá ekki aðeins átt við allra nánasta umhverfi fyrirhugaðs vindmyllugarðs, heldur Þykkvabæ í heild. Áætlun framkvæmdaraðilans sbr. matsáætlun svarar ekki þessum spurningum.

Radarmælingar eru notaðar til að meta umfang farflugs og jafnframt eru gögn úr radarmælingunum notuð í líkanagerð til að meta áflugshættu. Slíkar mælingar hafa verið notaðar í umhverfismatsverkefnum vegna vindmyllna víða um heim og rétt að tilfæra nokkur dæmi því til sönnunar. Í Hollandi má nefna vindmyllugarð í norðurhluta landsins (Winkelman 1992). Í Skotlandi garð á Argyl en þar var fókusinn á Grænlands blesgæsina, sama var gert við Caithness í norðurhluta Skotlands en þar var horft til heiðlóu (Andrew Douse skriflegar upplýsingar í skeyti til Umhverfisstofnunar í maí 2015). Í Noregi voru radarmælingar notaðar á Smöla og þar hefur athyglin einkum beinst að haferninum (sjá: <http://nves.no/forskning-i-smola-vindpark/?la=en>). Í Danmörku hafa radarmælingar verið notaðar vegna vindmyllugarða við Österild, Hanstholm, Nejt í Store Vildmose, Grenå, Måde Enge við Esbjerg, við Klim hjá Limafirði og einnig fyrir ströndum Danmerkur við Sæby og Rödsand (Bjarke Laubek skriflegar upplýsingar 31. maí 2017). Í Svíþjóð var radarmælingum beitt vegna vindmyllugarðs við Holmöerne (Bjarke Laubek skriflegar upplýsingar 31. maí 2017). Frá Afríku má nefna viðamiklar rannsóknir 2004-2008 vegna vindmyllugarðs við Súesflóa (Bjarke Laubek skriflegar upplýsingar 31. maí 2017). Verður þessi upptalning látin nægja en það væri að æra óstöðugan að ætla að telja upp öll þau dæmi sem til eru um að radarmælingum á flugi fugla hafi verið beitt við mat á umhverfisáhrifum vegna vindmyllugarða vítt og breitt um heiminn. Það er því haldlaus fullyrðing sem kemur fram í bréfi Biokraft frá 9. maí til Skipulagsstofnunar að radarmælingar séu ekki notaðar við slík verkefni. Þar sem mikið liggur við varðandi fuglalíf eru oft en ekki gerðar kröfur um slíkar mælingar og nægir þar að vísa í stefnu Scottish Natural Heritage í því sambandi.

Winkelman, J.E. 1992. De invloed van de Sep-proefindcentrale te Oosterbierum (Fr.) op vogels 4. Verstoring. (RIN-report 92/5) DLOInstituut voor Bos- en Natuuronderzoek, Arnhem. 106 pp.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

